

Rangárþing ytra
Laufskálar 2
850 HELLA

Garðabær, 27. mars 2024
Málsnúmer: 202403-0037
SS

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Rangárþings ytra – Ný frístundabyggð á Heimahaga.

Vísað er í tölvubréf frá Rangárþingi ytra sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 13. mars 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028. Breytingin varðar skilgreiningu á nýrri frístundabyggð í Heimahaga (landnr. 206436).

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Um er að ræða hátt í 100 ha landsvæði þar sem fyrirhugað er að skilgreina 25 ha fyrir nýtt frístundasvæði og þar verði komið fyrir allt að 30 frístundalóðum.

Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland en er ekki notað til ræktunar í dag og þar er samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar töluvert um votlendi sem og graslendi. Þá er stórt lítt raskað votlendissvæði beint í norðaustur af svæðinu sem er vel greinanlegt á loftmyndum. Verndargildi þess er hátt enda hefur megninu af votlendi á Suðurlandi verið raskað. Líklegt er að fuglalíf sé auðugt á svæðinu enda votlendi mikilvægt t.d. vaðfuglum og gætir áhrifa þess langt út fyrir mörk votlendisins. Suðurlandsundirlendið er í heild sinni skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði en þar hefur mjög víða verið gengið á búsvæði fugla með t.d. frístundabyggðum og skógrækt.


Náttúrufræðistofnun telur vera ærið tilefni að tryggja verndun votlendisins við Heimahaga t.d. með hverfisvernd og huga að því að styrkja þá verndun með endurheimt votlendis í næsta nágrenni þar sem það er möguleiki, m.a. á því svæði sem skipulagsbreytingin nær til. Uppbygging frístundabyggðar þétt upp við votlendi af þessum toga er því ekki skynsamleg ráðstöfun að mati Náttúrufræðistofnunar og velja ætti önnur svæði fyrir slíka uppbyggingu. Frekar ætti að hlúa að svæðinu sem mikilvægu búsvæði fugla og með endurheimt votlendis í huga þar sem slíkum svæðum fer almennt fækkandi. Þannig er einnig betur tryggð binding kolefnis í mýrjarðvegi sem er ríkulegur á þessu svæði. Sveitarfélagið er hvatt til þess að taka þessi sjónarmið til skoðunar í samhengi við hlutverk og ábyrgð þess við verndun líffræðilegrar fjölbreytni og til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Að öllu falli telur Náttúrufræðistofnun nauðsynlegt að gerð sé nánari úttekt á vistgerðum og fuglalífi svæðisins áður en ákvörðun er tekin um breytta landnotkun til að öðlast betra mat á umhverfisáhrifum. Útbúa þarf nákvæmara vistgerðakort, kanna þarf hvort plöntur á valista finnist á svæðinu, t.d. safastör sem finnst annars staðar í sambærilegu búsvæði í sveitarfélaginu, og mæla þarf þéttleika mófuglategunda sem margar eru ábyrgðartegundir fyrir Ísland.



Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsinguna en er tilbúin til frekari ráðgjafar um málið og áskilur sér rétt á ábendingum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

